

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005. Notkunargjald* er 38 kr. pr. mælt tonn.

Mælaleiga.**

Mælaleiga er háð stærð og gerð mælis.

	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga pr. ár</i>	<i>Mælaleiga pr. dag</i>
30 / 1 1/4"	30	24.170 kr.	66,22 kr.
40 / 1 1/2"	40	26.855 kr.	73,57 kr.
50 / 2"T	50 t	44.759 kr.	122,64 kr.
65 / 2 1/2"	65	56.267 kr.	154,16 kr.
80 / 3"	80	66.499 kr.	182,18 kr.
100 / 4"	100	104.816 kr.	287,16 kr.
150 / 6"	150	125.962 kr.	345,10 kr.
200 / 8"	200	153.456 kr.	420,43 kr.

Með ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

* Notkunargjald er lagt á samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 í samræmi við ákvörðun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 21. október 2019.

** Mælaleiga er ákveðin samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

2. gr.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er 0,035% af heildar-fasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,052% af öðru húsnæði.

Gjaldddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Með ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Gjald fyrir heimæðar vatnsveitu í nýbyggingum er samkvæmt eftirfarandi töflu.

Heimæðagjald.

<i>Þvermál heimæðar, PE</i>	<i>Heimæð lengd 0-30 m**</i>	<i>Verð á metra umfram 30 m **</i>
32	280.550 kr.	7.626 kr.
40	377.145 kr.	10.840 kr.
50	426.236 kr.	11.984 kr.
63	483.894 kr.	13.345 kr.
90	760.218 kr.	20.561 kr.
110	949.512 kr.	23.984 kr.
160	1.555.891 kr.	26.221 kr.
Tenging og aftenging á byggingarvatni, 20.557 kr.		

* Heimæðagjald er greitt fyrir fram.

** Innifalið er efni og vinna.

Gjöldin eru uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Gjöldin miðast við að húsbýggjandi leggi til skurð sem grafinn er á frostfritt dýpi frá tengistað við lóðamörk að tengirými fasteignar og að ídráttarröri sé komið fyrir alla leið inn í tengirými. Ídráttar-

rör skal vera ídráttarhæft. Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2, Hafnarfirði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt í bæjarráði 28. nóvember 2024 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar-kaupstaðar 12. desember 2023, tekur gildi 1. janúar 2025.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 1455/2023.

Hafnarfirði, 16. desember 2024.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2025